

Varðan



A man and a woman are working together in a workshop to repair a yellow kayak. The woman on the left is using a green power drill on the kayak's hull. The man on the right is using a red measuring tape. The workshop has wooden walls, shelves with boots, and a rack of orange and yellow jackets. The text is overlaid on the lower part of the image.

„Ég hef aldrei verið upptekinn af peningum, en ég geri við hluti.“

Varðan

Varðan er vildarþjónusta fyrir viðskiptavinum Landsbankans. Markmið þjónustunnar er að veita yfirsýn yfir fjármálin, persónulega þjónustu og fríðindi fyrir heildarviðskipti.

Nokkur dæmi um ávinning þess að vera í Vörðunni

- » Hagstæð kjör á veltureikningi
- » Vörðuráðgjöf
- » Frítt árgjald gulldebetkorts
- » Rými yfirdráttarheimild
- » Frítt greiðslumat*
- » Afsláttur af lántökugjöldum*
- » Fæðingargjöf til barna Vörðufélaga
- » Netklúbbur Vörðunnar
- » Tilboð frá samstarfsaðilum
- » Hagstæðari kjör á tryggingum hjá Verði
- » 15% afsláttur af þóknun við kaup í ákveðnum sjóðum
- » Inngöngugjöf

* Öll lán Landsbankans að undanskildum íbúða- og fasteignalánnum

Vörðufélagar safna fríðindum

Vörðufélagar stýra sinni fríðindasöfnun með notkun á kreditkortum og vali á þjónustubáttum. Þeir velja það kreditkort sem hentar og á milli þriggja fríðindakerfa þar sem fríðindi skulu safnast.

Vörðufélagar velja þjónustubætti sem henta þeim hverju sinni. Fríðindi þjónustubáttanna eru greidd árlega, en fríðindi fyrir notkun greiðast mánaðarlega. Auðvelt er að fylgjast með allri fríðinda-söfnun í netbankanum.

Þjónustubættir sem veita fríðindi til Vörðufélaga

- » Kreditkort
 - » Vörðuráðgjöf
 - » Reglubundinn sparnaður ef sparað er fyrir meira en 5.000 kr. á mánuði
 - » Sparireikningur ef inneign er yfir 250.000 kr.
 - » Fasteignagrunnur
 - » Námslokakjör
 - » Vaxtareikningur Varðan 60
 - » Virk viðskipti barna í Sprotu og Klassa
 - » Greiðsludreifing
 - » Skilvísí í viðskiptum
 - » Fasteignalán
 - » Útlán yfir 250.000 kr. í skilum
-

Dæmi um fríðindasöfnun vegna þjónustupátta:

Nýútskrifaður háskólanemi	
Kreditkort	2.000
Fasteignagrunnur	500
Námslokakjör	500
Skilvís	500
Samtals	3.500

Lífeyrisþegi	
Kreditkort	2.000
Vörðuráðgjöf	500
Vaxtareikn. Varðan 60	500
Reglubundinn sparnaður	500
Sparireikningur	500
Skilvís	500
Samtals	4.500

Einstaklingur með börn	
Kreditkort	2.000
Vörðuráðgjöf	500
Börn yngri en 15 ára í viðskiptum	1.000
Greiðsludreifing	500
Reglubundinn sparnaður	500
Kjörvaxtalan	500
Íbúðalán	500
Skilvís	500
Samtals	6.000

Fríðindasöfnunin færirst inn á það fríðindakerfi sem valið er, en hægt er að velja á milli þriggja kerfa:

Aukakrónur

Aukakrónur eru fríðindasöfnun Landsbankans þar sem Aukakrónum er safnað með virkum viðskiptum og notkun á A-korti. Aukakrónur safnast af allri innlendri verslun og boðgreiðslum, auk þess sem endurgreiðslan margfaldast ef verslað er hjá samstarfsaðilum. Upplýsingar um Aukakrónur og samstarfsaðila má finna á aukakronur.is.

Vildarpunktur

Með Vildarkortum VISA safna Vörðufélagar Vildarpunktum í Vildarklúbbi Icelandair. Vildarpunktur safnast af innlendri verslun hjá söluaðilum með samning hjá Valitor. Vildarpunkta er m.a. hægt að nota í ýmis ferðatengd fríðindi. Nánari upplýsingar má finna á vildarklubbur.is.

Ferðaávisun MasterCard

Með MasterCard kortum safna Vörðufélagar krónum í Ferðaávisun MasterCard. Inneignin safnast af innlendri verslun hjá söluaðilum með samning hjá Borgun. Ferðaávisun er greidd út árlega og nýttist til greiðslu ferðakostnaðar hjá öllum helstu ferðaskrifstofum og flugfélögum landsins. Nánari upplýsingar um ferðaávisun má finna á borgun.is.

Þjónusta Vörðunnar

Vörðufélagar geta valið úr fjölbreyttu úrvali þjónustubátta og fá fjárhagslegan ávinning með heildarviðskiptum samhliða því að safna fríðindum fyrir valda þjónustubætti.

» Persónulegur tengiliður

Landsbankinn vinnur stöðugt að því að styrkja tengslin við viðskiptavinum sína og nú stendur öllum Vörðufélögum til boða þeirra eigin persónulegi tengiliður í sínu viðskiptaútibúi sem tryggir gott og skilvirkt samband við bankann.

» Debet- og kreditkort

Vörðufélagar fá debetkort með hagstæðari kjörum á launareikningi og kreditkort með öflugum ferðatryggingum og fríðindum. Landsbankinn býður upp á úrval greiðslukorta en hægt er að velja á milli VISA og MasterCard korta.

» Þjónustusamtal

Landsbankinn vill með reglulegum þjónustusamtölum efla persónuleg tengsl við Vörðufélaga. Við hringjum annað hvert ár til þess að fá ábendingar, stórar sem smáar, um hvað má betur fara eða hverju má viðhalda. Á milli þjónustusamtala hvetjum við Vörðufélaga til þess að koma ábendingum áleiðis á landsbankinn.is.

» Reglubundinn sparnaður

Ein besta leiðin til að spara er með reglubundnum sparnaði. Þú setur þér markmið og ákveður hve háa upphæð þú vilt spara mánaðarlega. Fjölbreyttar sparnaðarleiðir eru í boði sem henta fyrir mismunandi tegundir sparnaðar.

» Betri kjör hjá Verði

Góðar tryggingar eru nauðsynleg fyrirhyggja sem veita þér og fjölskyldu þinni örugga vernd ef eitthvað óvænt ber að höndum. Vörðufélögum bjóðast hagstæðari kjör hjá tryggingafélaginu Verði. Þú færð nánari upplýsingar um tryggingarnar í næsta útibúi Landsbankans.

» Greiðsludreifing

Með greiðsludreifingu geta Vörðufélagar jafnað sveiflurnar í mánaðarlegum útgjöldum heimilisins. Þjónustufulltrúi setur upp greiðsluáætlun fyrir næstu 12 mánuði og jafnar útgjöldin þannig að sama upphæð er greidd mánaðarlega.

» Fasteigna- og íbúðalán

Landsbankinn býður upp á fjölbreytt lán til íbúðakaupa, nýbyggingar, endurbóta á húsnæði eða endurfjármögnunar. Sérhver umsókn er metin með tilliti til láns hæfis og virði íbúðarhúsnæðis.

» Skilvísi

Vörðufélögum er umbunað fyrir skilvísi í formi fríðindasófnunar. Með skilvísi er átt við að útlán séu í skilum og að viðkomandi hafi ekki farið í 30 daga vanskil.

» Námslokakjör

Útskrifuðum Námufélögum er gefinn kostur á námslokakjörum í Vörðunni fyrstu tvö árin. Um er að ræða yfirdráttarlán á LÍN-kjörum sem eru bestu vextir sem Landsbankinn býður, námslokalán á hagstæðum kjörum og mótframlag við reglubundinn sparnað á Fasteignagrunn.


» Fasteignagrunnur


Fasteignagrunnur er sparireikningur fyrir viðskipta-vini, 15 til 35 ára, í reglubundnum sparnaði. Reikningurinn er sniðinn að þörfum viðskiptavina sem vilja byrja að spara fyrir húsnæðis kaupum. Fasteignagrunnur er bæði óverðtryggður með lágmarksbindingu til 12 mánaða og verðtryggður með lágmarksbindingu til 36 mánaða.

» Varðan fyrir 60 ára og eldri

Vörðufélagar sem náð hafa 60 ára aldri eiga kost á sérkjörum á Vaxtareikningi og sérsniðinni ráðgjöf þar sem meðal annars er farið yfir sparnaðarleiðir, lífeyrismál, tryggingar, lántöku og fjármögnun. Ráðgjöfina er hægt að panta á landsbankinn.is eða í næsta útibúi.

Vaxtareikningurinn Varðan 60 hentar þeim sem vilja óbundinn reikning með góðri ávöxtun. Engrar lágmarksinnstæðu er krafist og hægt er að gera samning um reglubundinn sparnað. Innborganir bera vexti frá og með næsta degi eftir að upphæð er lögð inn.





Vörðuráðgjöf

Vörðuráðgjöf Landsbankans er heildstæð fjármálaráðgjöf sem býðst Vörðufélögum án endurgjalds. Ráðgjöfin miðast við að fá heildarsýn á fjármálin og móta fjárhagslega aðgerðaáætlun með skammtíma- og langtímamarkmiðum.

» [Eignir og skuldir](#) » [Tekjur og gjöld](#) » [Tryggingar](#) » [Lífeyrismál](#)

Saman setjum við upp stöðumat til að meta heildarstöðu fjármála heimilisins og setjum fjárhagsleg markmið út frá því sem hægt er að endurskoða árlega. Þannig færð þú góða yfirsýn yfir þá þætti sem mynda grunninn að fjármálum heimilisins.

Betri leið til að greiða niður lán

Eitt af verkfærum Vörðaráðgjafarinnar er það sem við köllum *snjóboltareiknivélina*. Hana notum við til að flýta niðurgreiðslu lána heimilisins. Þannig er hægt að hraða eignamyndun og lækka

vaxtakostnað umtalsvert með lítilli fyrirhöfn.

Afborganir lána eru festar í ákveðinni upphæð og allt umfram venjubundnar afborganir fer í að greiða inn á það lán sem ber hæstan kostnað eða það lán sem þú vilt greiða upp hraðast. Þegar greiðslubyrði þess láns

lækkar er munurinn notaður til að greiða inn á næsta lán og svo koll af kolli þangað til markmiðunum er náð eða lánin öll uppgreidd.

Snjóboltaáhrifin má auka til muna með því að hækka aukagreiðsluna inn á lánin enn frekar.

Dæmi	Íbúðalán	Bílalán	Kjörvaxtalán	Yfirdráttur
Skuldir	17.000.000	1.000.000	2.000.000	250.000
Vextir (%) *	4,30	8,05	10,20	11,20

Án snjóboltareiknis og aukagreiðslu á mánuði
Uppgreitt á 30 árum

Samtals
vaxta-
greiðslur

14.172.867 kr.

Með snjóboltareikni og 10.000 kr.
aukagreiðslu á mánuði
Uppgreitt á 12 árum

Samtals
vaxta-
greiðslur

6.570.355 kr.

Samtals
vaxta-
sparnaður

7.602.512 kr.

*Miðað er við vaxtatöflu Landsbankans 25. júní 2011. Við útreikning er ekki tekið mið af verðbólgu.

Netbankinn

Í netbankanum getur þú stundað öll almenn bankaviðskipti hratt og örugglega, allan sólarhringinn og þannig sparað tíma, fé og fyrirhöfn. Netbankinn er þægileg leið til að fá yfirlit yfir fjármál heimilisins.

Í netbankanum getur þú

- » Fylgst með fríðindasöfnun
- » Stofnað sparireikninga og fylgst með ávöxtun
- » Hafið reglubundinn sparnað
- » Skoðað yfirlit yfir lífeyrissparnað
- » Keypt og selt í sjóðum og verðbréfum
- » Greitt inn á lán

Netbankinn í símann

Þú færð líka netbankann í símann þinn á l.is þar sem þú færð yfirlit yfir sparnað, sinnir helstu bankaviðskiptum og millifærir hvenær sem þér hentar.

Netklúbbur Vörðunnar

Vörðufélagar geta skráð sig í netklúbb Vörðunnar á landsbankinn.is og þannig fengið fréttir af nýjungum í Vörðunni og ýmis tilboð.



Kynntu þér Vörðuna eða pantaðu Vörðuráðgjöf á landsbankinn.is

Nánari upplýsingar um Vörðuna má finna á landsbankinn.is
eða í næsta útibúi Landsbankans.
